



# Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

15. árgangur 7.tbl.

Ágúst 2018

## Fundur um þjóðgarð á hálendinu 27. ágúst í Árnesi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið boðar til  
fundar um þjóðgarð á miðhálandi Íslands  
í Félagsheimilinu Árnesi,  
**mánudaginn 27. ágúst. kl 18:00.**

Formaður miðhálandisnefndar Óli Halldórsson  
kynnir verkefni nefndarinnar og fer yfir tímarás  
verkefnisins. Að framsögu hans lokinni mun hann  
leitast við að svara fyrirspurnum.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:  
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is)

Starfsmaður í Áhaldahúsi

Ari Einarsson 893-4426 [ari@skeidgnup.is](mailto:ari@skeidgnup.is)

Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. september 2018 á

[frettabref@skeidgnup.is](mailto:frettabref@skeidgnup.is) **ath! breytt netfang!**

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

**Áburðarburðarsekkina er best að láta fara með  
heyrúlluplastinu og þá þarf að flokka!**

Þeir eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt og best  
að það fari með heyrúlluplastinu !

Innra byrðið ( netið,) fer í **almennt sorp!** Kveðja kær. Jón.

## Opnunartími gámasvæða.

### Við Árnes opið:

þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

### Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

**Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!**

Fatagámar **Rauða krossins** einnig í Brautarholti og Árnesi.

**Opnir allan sólarhringinn.**

***Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa***

*Alla daga, allan daginn. (Til vinstri á heimreið) Einungis efni úr  
jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.*

Umsjónarmaður gámasvæða er Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

# Spurningakönnun um sorphirðu í Skeiða og Gnúpverjahreppi 2018



Nú hefur spurningakönnunin um fyrirkomulag sorphirðunnar hér í sveitarfélaginu verið send út og gefinn var frestur til 20. ágúst með að skila inn svörum. Við þökkum þeim íbúum sem þegar hafa svarað kærlega fyrir þátttökuna en samt hefur verið ákveðið að lengja frestinn um mánuð eða til 20. september þar sem svörunin mætti vera mun betri og hvetjum við hér með alla sem eiga eftir að svara til að gera það, þar sem þetta er tilvalið tækifæri til þess að hafa áhrif á framgang þessa málaflökks og segja sitt álit! — Það má setja svarbréfið ófrímerkt í póst og það er ómetanlegt að fá fram óskir ykkar og tillögum kæru íbúar. Með því er ef til vill hægt að átta sig betur á því hvað muni koma sér best fyrir okkur öll í sorpmálunum.

Kær kveðja. Sveitarstjóri.

## Hvað er gjaldskylt og ógjaldskylt sorp á gámasvæði? Hvernig virkar Klippikortið?

Grundvallaratriði að flokkað hafi verið fyrir afhendingu.

Framvísa skal klippikorti við afhendingu **gjaldskylds úrgangs**.

**Ekki** þarf að framvísa klippikorti við afhendingu **gjaldfrjálsa úrgangsins**.

### Gjaldskyldur úrgangur á gámsvæði:

Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum  
Blandaður /óflokkaður úrgangur  
Timbur málað og ómálað.

Vörubretti

Húsgögn

Gler

Gifs og gifsplötur

Steinefni/múrbrót

Annar grófur úrgangur frá framkvæmdum

Raftæki

Hjólbarðar m/ felgum

### Áfram verður tekið við garðaúrgangi í Skaftholti

Unnið verður að því að girða svæðin betur af. Áfram verður aðgengi að litlum gámi á svæðunum fyrir heimilissorp í litlum umbúðum.

Sveitarstjóri.

### Gjaldfrjáls úrgangur:

Hreinar plastumbúðir

Annað flokkað plast—hreint

Bylgjupappi

Dagblöð/tímarit/pappír

Fernur

Flokkaðir málmar

Hjólbarðar

**Hundafangari sveitarfélagsins:**  
**Ragnar Sigurjónsson sími:**  
**859-9559.**



**Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770**

**Opið virka daga kl. 08:00 -16:00**

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Lyfjaendurnýjun kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

**Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000**

**Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700**

**Lyfja – útibú í Laugarási sími 486-8655**

**Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.**

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er

**María Kristjánsdóttir [maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is)**

**Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181**

**[www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is)**

**Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:**

***Landflutningar***  
**SAMSKIP**

**Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka daga-  
með viðkomu á Selfossi**

**Phone: +354 458 8821**

**Mobile: +354 858 8820**

**Email: [sverrir.unnarsson@samskip.com](mailto:sverrir.unnarsson@samskip.com) [www.landflutningar.is](http://www.landflutningar.is)**




**facebook**

**Þjónusta vegna ljósleiðara!**

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

[skj@internet.is](mailto:skj@internet.is) - Sigvaldi K Jóns. og  
[nonniasum@gmail.com](mailto:nonniasum@gmail.com) -Jón Hákonarson.



**Reisum með reisu!**  
**894-4142**



**SELÁSBYGGINGAR ehf**



## **Fjallaskil á Gnúpverjafrétti!**

**Þeir sem ætla að sækja um leit á  
Gnúpverjafrétti í haust hafi**

**samband við Lilju í síma  
847-8162 fyrir 20. ágúst n.k**

**Afréttarmálanefnd.**



## **STOPPUSTUÐ í Árnesi!**

**Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er við inngang  
skólamötuneytis, (austan megin) við  
Félagsheimilið Árnes.**

# **Baggamunur!**

**Bókhalds- og skattaþjónusta  
Smiðjustígur 6, Flúðum  
866-9035**

**[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)  
[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)**

# Grís og flesk ehf er svínabú í Laxárdal,

## Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



María Guðný Guðnadóttir og Hörður Harðarson byrjuðu með eina gyltu í gömlu hesthúsi árið 1978. Í dag eru gylturnar orðnar 160 sem er talið lítið bú í dag. Þetta er lítið fjölskyldubú. Bændurnir rækta sitt eigið bygg, hveiti og repju til að fódra svínin.

Það sem er nokkuð sérstakt við eldið á okkar svínum er að þau eru alin að mestu á **íslensku fóðri**.

Árið 2007 hófst kornræktin í Gunnarsholti á Rangárvöllum, þar sem nægjanlegt land er til staðar, en sama ár var ræktað á um 30 hekturum. Næstu árin var aukið við ræktunina jafnt og þétt. Komið var upp búnaði til að þurrka, geyma og flytja kornið. Einnig var fjárfest í tækjum til jarðvinnslu og sáningar.

Í dag er meginhluti ræktunarinnar bygg en einnig er ræktun á repju og hveiti vaxandi ásamt því að tilraunir hafa verið gerðar með ræktun á bókhveiti, rúg og höfrum. Árið 2017 var ræktað bygg á um 190 hekturum og repju á um 40 hekturum. Þá eru gerðar tilraunir með hentugar aðferðir til að hvíla land sem er í stöðugri ræktun og hvaða ræktunar aðferðir henta best.

Í dag er íslenskt hráefni í um 80% af öllu fóðri sem framleitt er fyrir svínin í Laxárdal.

Við opnuðum kjötvinnslu í júlí 2018 sem staðsett er í nýju iðnaðarhúsnæði að Tvísteinabraut í Árnesi. Við seljum kjötið undir vöruheitinu **Korngrís frá Laxárdal**. Þar erum við með kjötborð og alla vinnslu.

[\*\*korngris@korngris.is\*\*](mailto:korngris@korngris.is)

**Korngrís frá Laxárdal er á facebook**





Sími 899-2910



**Júlí/ágúst 2018**

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Staðurinn sem kemur til þín

| Fimmtudagur | Föstudagur                                    | Laugardagur                           |
|-------------|-----------------------------------------------|---------------------------------------|
| 26. júlí    | 27. júlí<br><b>Brautarholt</b><br>18:00-20:30 | 28. júlí<br><b>Reykholt</b><br>18-21  |
| 2. ágúst    | 3. ágúst<br><b>Flúðir</b><br>18-21            | 4. ágúst<br><b>Lokað í dag</b>        |
| 9. ágúst    | 10. ágúst<br><b>Árnes</b><br>18:00-20:30      | 11. ágúst<br><b>Reykholt</b><br>18-21 |
| 16. ágúst   | 17. ágúst<br><b>Sumarfrí</b>                  | 18. ágúst<br><b>Sumarfrí</b>          |



Sími 899-2910



**Ágúst/sept 2018**

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Staðurinn sem kemur til þín

| Fimmtudagur                                   | Föstudagur                                     | Laugardagur                            |
|-----------------------------------------------|------------------------------------------------|----------------------------------------|
| 23. ágúst                                     | 24. ágúst<br><b>Brautarholt</b><br>18:00-20:30 | 25. ágúst<br><b>Reykholt</b><br>18-21  |
| 30. ágúst<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30 | 31. ágúst<br><b>Flúðir</b><br>18-21            | 1. sept<br><b>Lokað í dag</b>          |
| 6. sept                                       | 7. sept<br><b>Árnes</b><br>18:00-20:30         | 8. sept<br><b>Reykholt</b><br>18-21    |
| 13. sept<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30  | 14. sept<br><b>Lokað vegna réttardags</b>      | 15. sept<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30 |

**1. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi fimmtudaginn 14. júní 2018 kl. 14:00.**

**Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson, Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Matthías Bjarnason. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð. Spurðist aldursforseti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.**

***Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :***

**1. Kosning oddvita og varaoddvita.** Björgvin Skafti Bjarnason stýrði kjöri oddvita samkvæmt þeirri hefð að sá sveitarstjórnarfulltrúi sem býr að mestri starfsreynslu í sveitarstjórninni stýri því kjöri. Tillaga kom fram um að Björgvin Skafti yrði kjörinn oddviti. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum. Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Ingvar Hjálmarsson sátu hjá. Tillaga kom fram um að Einar Bjarnason yrði kjörinn varaoddviti. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum. Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Ingvar Hjálmarsson sátu hjá.

**2. Skipan í nefndir á vegum sveitarfélagsins samkvæmt fundarsköpum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Nefndirnar eru eftirtaldar:**

**Afréttarmálanefnd Gnúpverja** 3 fulltrúar. Samþykkt samhljóða að skipa í nefndina eftirtalin: Lilju Loftsdóttur, Gylfa Sigríðarson og Arnór Hans Þrándarson. Til vara: Eddu Pálsdóttur, Tryggva Steinarsson og Gunnar Örn Marteinnsson.

**Atvinnu- og samgöngunefnd** 3 fulltrúar. Skipun fulltrúa frestað til næsta sveitarstjórnarfundar.

**Skólanefnd Flúðaskóla** 2 fulltrúar frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi : Samþykkt að skipa Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson sem aðalmenn. Ásmundur Lárússon til vara. Frestun annars varafulltrúa frestað til næsta fundar.

**Kjörstjórn** 3 fulltrúar. Samþykkt að fresta skipun fulltrúa til næsta sveitarstjórnarfundar.

**Menningar- og æskulýðsnefnd** 3 fulltrúar. Samþykkt að fresta skipun fulltrúa til næsta sveitarstjórnarfundar.

**Skólanefnd** 5 fulltrúar. Samþykkt að skipa eftirtalin: Einar Bjarnason, Ástráð Unnar Sigurðsson, Önnu Þórnýju Sigfúsdóttur, Ingvar Þrándarson og Önnu Mariu Flygenring. Til vara Önnu Kr. Ásmundsdóttir, Ásmund Lárússon, Helgu Úlfarsdóttur og Sigurð Unnar Sigurðsson. Skipun fimmta varafulltrúa frestað til næsta fundar sveitarstjórnar

**Umhverfisnefnd** 3 fulltrúar. Samþykkt að fresta skipun fulltrúa til næsta sveitarstjórnarfundar.

**Skipulagsnefnd Uppsveita** 1 fulltrúi. Oddviti lagði fram tillögu um að

Björgvin Skafti oddviti yrði fulltrúi í skipulagsnefnd og Einar Bjarnason til vara. Var það samþykkt samhljóða.

Umræða varð um fjölda fulltrúa í nefndum. Anna Sigríður og Ingvar lýstu bæði þeirri skoðun sinni að æskilegt væri að fjölga fulltrúum í Atvinnu- og samgöngunefnd, Umhverfisnefnd og Menningar- og æskulýðsnefnd úr þremur fulltrúum í fimm. Til að koma til móts við aukið lýðræði. Einar Bjarnason benti á að fjölgun fulltrúa fæli í sér aukinn kostnað og að hætt yrði við að starf nefnda yrði þyngra í vöfum. Samþykkt að halda umræðu um þessi mál áfram á næsta sveitarstjórnarfundi.

### **3. Ákvörðun um fasta fundartíma á kjörtímabilinu.**

Samkvæmt 8. gr. samþykkt Fundir sveitarstjórnar. Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti Oddviti lagði fram tillögu um að fastir fundartímar á kjörtímabilinu yrðu fyrsti og þriðji miðvikudagur í hverjum mánuði og skulu fundirnir hefjast kl. 09:00.

### **4. Launakjör sveitarstjórnarfulltrúa.**

Oddviti vísaði til samþykktar sveitarfélagsins. 5. gr. þóknun o.fl. Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar. Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr. Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar. Samþykkt samhljóða að kjör sveitarstjórnarfulltrúa verði óbreytt frá því sem kjörum sem voru í gildi í lok nýliðs kjörtímabils og gildi þau til ársloka 2018.

### **5. Kosning fulltrúa á Landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga. 2018-2022.**

Samþykkt samhljóða að Björgvin Skafti Bjarnason verði fulltrúi sveitarfélagsins á landsþingum og Einar Bjarnason til vara.

### **6. Aukaaðalfundur SASS og Sorpstöðvar Suðurlands.**

Samþykkt að Einar Bjarnason, Matthías Bjarnason og Elvar Már Svansson verði fulltrúar á aukaaðalfundi SASS sem haldinn verður í Vestmannaeyjum 27 júní nk. og til vara Anna Kr Ásmundsdóttir, Ástráður Unnar Sigurðsson og Ingvar Hjálmarsson. Samþykkt samhljóða að fulltrúi á aukaaðalfundi Sorpstöðvarinnar verði Einar Bjarnason og Matthías Bjarnason til vara.

### **7. Tilnefning fulltrúa í stjórn Hitaveitu Gnúpverja.**

Sigurður Kárasen sem verið hefur fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn Hitaveitunnar hefur beðist lausnar. Tillaga lögð fram um að Ingvar Þrándarson í Þrándarholti verði fulltrúi sveitarfélagsins í stjórninni. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Sala á fasteigninni Holtabraut 27. Kaupsamningur. Um er að ræða framhald máls frá 61. fundi sveitarstjórnar nýliðins kjörtímabils.  
Elín Anna Lárusdóttir og Elvar Már Svansson gera öðru sinni kauptilboð í fasteignina Holtabraut 27 í Brautarholtshverfi fastanr. 230-5633. Tilboð 23.000.000 kr í eignina. Tilboðið samþykkt með fjórum atkvæðum. Anna Sigríður sat hjá. Sveitarstjóra Kristófer Tómassyni kt. 060865-5909 falið að undirrita tilheyrandi kaupsamning fyrir hönd sveitarfélagsins.
9. Erindi frá Lofti Erlingssyni og Helgu Kolbeinsdóttur um Tröð.  
Erindið lagt fram öðru sinni. Þar er óskað eftir að horfið verði frá því að færa tengingu inn á Heiðarbraut við Skólabraut. Fyrirhuguð breyting er samkvæmt deiliskipulagi samþykktu árið 2002. Erindi hafnað. Að auki er lögð fram beiðni um að sveitarfélagið kosti skjólvegg meðfram fyrirhugaðri götu á lóðarmörkum Traðar. Erindi hafnað með þeim rökum að fáir íbúar búa við götuna, umferð er því lítil og samkvæmt því litlar líkur á hljóðmengun að mati sveitarstjórnar.

### ***Skipulagsmál***

10. Flatir lóð 17. Erindi frá Kirsten Jennarich. Framhald frá fundi 61.  
Lagt öðru sinni fram erindi frá Christiane Bahner fyrir hönd Kirsten Jennrich vegn lóðarinnar Flatir 17. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lóðin verði tekin úr frístundanotkun og breytt í landbúnaðarland. Sveitarstjóra falið að vinna með skipulagsráðgjafa og skipulagsfulltrúa að útfærslu skipulagsbreytingar á umræddri lóð.
11. Skipulagsnefnd 157. fundur 24 maí 2018. Mál nr. 30,31,32 þarfnast staðfestingar.
- Mál. 30. Skarð 2 L166595: Stofnun frístundalóðar; Deiliskipulag-1805048 Umsókn um að ný frístundalóð verði deiliskipulögð í landi Skarðs 2. Lóð 4. Lnr. 166595. Stærð 7.020 m<sup>2</sup> að stærð.  
Jafnframt óskað eftir stofnun lóðarinnar.  
Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagstillaga um lóðina verði auglýst skv. 1.mgr. 41. gr. Leitað verði umsagna Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir landskipti skv. 13.gr. jarðarlaga.  
Sveitarstjórn óskar eftir að lögð verði fram tillaga að heiti aðkomuvegar sem einnig liggur að lóð nr 3.
- Mál. 31. Álfstaðir II: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús – 1805026.  
Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús 126,7 m<sup>2</sup>. Á tveimur hæðum á Álfstöðum II lnr. 215788. Sveitarstjórn setur sem skilyrði fyrir byggingarleyfinu að unnið verði deiliskipulag fyrir tilheyrandi svæði.
- Mál. 32. Stekkur lnr. 166686: Skarð 1 lnr. 174781: Breytt stærð, afmörkun og heiti lóðar-1802006. Beiðni um að lóðin Skarð lnr. 166686 fái heitið Skarðstekkur. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að lóðin fái heitið Skarðstekkur.

- 12.Reykholt í Þjórsárdal. Breyting aðalskipulags. Lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi við Reykholt í Þjórsárdal. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við umrædda breytingu aðalskipulags. Lagt fram og kynnt.

### ***Fundargerðir:***

- 13.Skýrsla velferðar- og jafnréttisnefndar. Skýrsla lögð fram og staðfest. Talsverðar umræður urðu um skýrsluna.
- 14.Skólanefnd Flúðaskóla. Fundargerð 21. fundar. 16. maí 2018. Fundargerð lögð fram og staðfest.
- 15.Fundur Hússtjórnar Þjóðveldisbæjar. 27.04.2018. Fundargerð lögð fram og staðfest.
- 16.Fundargerð 33. fundar Bergrisans. Fundargerð lögð fram og staðfest.

### ***Styrkbeiðnir***

- 17.Blindrafélagið - beiðni um styrk. Lagt fram erindi frá Blindrafélaginu, undirritað af Halldóri Einarssyni formanni. Þar sem óskað er eftir styrk til viðhalds húseignar félagsins. Erindi hafnað. Sveitarstjóra falið að leggja fram tillögur að reglum um fyrirkomulag styrkveitinga úr sveitarsjóði.
- 18.Vímulaus æska – beiðni um styrk. Lagt fram erindi frá samtökunum Vímulaus æska. Erindi hafnað. Vísasta til afgreiðslu máls nr. 17.
- 19.Aldarafmæli lýðveldisins.  
Lagt fram bréf frá 100 ára afmælisnefnd íslenska lýðveldisins undirritað af Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur. Í bréfinu eru sveitarfélög hvött til að taka þátt í hátíðarhöldum tengdu afmæli lýðveldisins. Bréf lagt fram og kynnt.

### ***Samningar:***

- 20.Samningur við Fornleifastofnun. Þarfnast staðfestingar. Samningur staðfestur.
- 21.Samningur við Símamann um þjónustu. Þarfnast staðfestingar. Samningur staðfestur.
22. Samningur um land til beitar í eigu sveitarfélagsins. Þarfnast staðfestingar. Framlagðir samningar staðfestir. Í kjölfar umræðna um innihald framlagðra samninga samþykkir sveitarstjórn að láta meta reglulega gæði lands sveitarfélagsins sem er í útleigu til beitar. Sveitarstjóra falið að leita til sérfróðra aðila um mat landsins.

### ***Mál til kynningar:***

- A. Fundur stjórnar SASS nr 532.
- B. Kynning á kerfisáætlun Landsnets.
- C. Aukaðalafundur Bergrisans.
- D. Fundargerð 187. Fundar Heilbrigðisnefndar.
- E. Úthlutun úr Styrktarsjóð EBÍ.
- F. Tónlistarskóli Árnesinga. Uppfærð áætlun.

- G. Minjastofnun Skarð. Umsögn.
- H. Rannsókn Skóla- og Velferðarþjónustu.
- I. Plastpokalaust Suðurland.

Fundi slitið kl.16:45 næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn miðvikudaginn 4. júlí næstkomandi. Kl. 9.00.

## Húsnæði til leigu í vetur!

Til leigu húsnæði frá 15.október 2018 - 1.maí 2019.  
Hentar einstaklingi eða pari. Leigist út fullbúið með húsgögnum og eldhúsbúnaði. Uppl. í síma 892-0626

### Hestamannamessa í Stóra-Núpskirkju

19. ágúst n.k. kl. 14:00.

Hópreið leggur stundvíslega af stað frá Hruna kl.11:30 og farið um Hlíð, Hæl og Steinsholt. Sr. Óskar prédikar og Þorbjörg stjórnar söngnum.

Kaffi og meðlæti eftir messu.

Sjáumst glöð! - Allir velkomnir.

Sóknarnefndin.



### Uppskerumessa í Hrunakirkju laugardaginn 1. september kl. 11:00

Fjölskylduhátíð — Allir velkomnir!

Sóknarprestur.



[www.Hialin.is](http://www.Hialin.is)

Silkiprentuð munstur sem  
hafa beina skírskotun í  
íslenska náttúru.  
Sérsaumaðir kjólar,  
húfur, leggings og  
bolir.

Kíktu í heimsókn og  
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja  
Vilborg í Skarði  
863 9689/ [vilmarius13@gmail.com](mailto:vilmarius13@gmail.com)



## Sveitarstjórinn er ekki á förum

Góðir sveitungar og aðrir sem staldra við og lesa þessar línur. Samþykkt hefur verið í sveitarstjórn að undirritaður verði um kyrrt og gegni starfi sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps út kjörtímabilið sem hófst fyrir skömmu. Ég er afar þakklátur fyrir að þeir sem valdið hafa í þessum efnum skuli vilja njóta krafta minna áfram. Ég lít á það sem staðfestingu á að það sé ekki slæmur kostur að hafa mig áfram í því sæti sem ég hef skipað síðastliðin sex og hálf ár. Með hausinn fullan af bjartsýni horfi ég fram á veginn. Stór hluti af mínum viðfangsefnum felast í samskiptum við fólk. Íbúa sveitarfélagsins sem og aðra sem eiga erindi við sveitarfélagið.


Mín tilfinning er sú að mér hafi gengið vel að komast af við langsamlega flesta þá einstaklinga sem til mín hafa leitað, og ég hef þurft að leita til. En ég geri mér grein fyrir að einhver dæmi séu um að mín störf hafi verið gagnrýnd og væri annað óeðlilegt. Ég efast ekki um að einhver dæmi séu um að maður hefði getað gert eitthvað betur á tímabilinu, en raun ber vitni. Það sem sveitarstjóri þarf að fást við er fjölbreytt og er það mikil gæfa að fá að gegna starfi sem maður hefur ánægju af að stunda. Það eru ekki allir svo heppnir.

Í senn er starfið framúrskarandi skóli. Þegar ég lít til þeirra ára sem ég hef verið sveitarstjóri hér, þá eru þeir dagar afar fáir sem ég hef ekki hlakkað til að mæta í vinnuna. Að vera íbúi í samfélagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er eitthvað sem ég og mín litla fjölskylda höfum notið vel þessi ár og munum vafalaust njóta áfram.

Ég hef fulla trú á að framundan sé kjörtímabil framfara og spennandi verkefna í samfélaginu okkar og tekst ég jákvæður á við þau verkefni sem mér verða falin.

Góðar stundir.

Kristófer Tómasson.



## **2. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi fimmtudaginn 4. júlí 2018 kl. 09:00.**

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson, Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Matthías Bjarnason og Anna Kristjana Ásmunds-dóttir er sat fundinn í forföllum Einars Bjarnasonar. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

### ***Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:***

1. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Kynning og stöðugreining. Gísli Gíslason skipulagsráðgjafi og Guðrún Lára Sveinsdóttir mættu til fundarins. Auk þess mætti til fundar Rúnar Guðmundsson settur skipulagsfulltrúi Uppsveita. Gísli og Guðrún fóru ítarlega yfir stöðu mála við vinnslu aðalskipulagsins. Þau kynntu tilgang og hlutverk aðalskipulags og verkferli við gerð aðalskipulags ásamt áhersluatriðum og skilgreiningum. Skipulagsfulltrúi benti auk þess á gagnleg atriði. Ákveðið var í lok síðasta kjörtímabils að ný sveitarstjórn myndi koma að vinnu við lokavinnslu við gerð aðalskipulagsins. Næsta skref er að sveitarstjórn samþykki aðalskipulagið til auglýsingar. Í framhaldi af því verður óskað heimildar Skipulagsstofnunar til auglýsingar tillögunnar um aðalskipulagið. Mögulega getur staðfesting aðalskipulagsins átt sér stað í fyrsta lagi í desember 2018 – janúar 2019. Samþykkt að vinna áfram með aðalskipulagstillöguna á næsta fundi sveitarstjórnar.
2. Fjölgun fulltrúa í nefndum á vegum sveitarfélagsins. Erindi frá minnihluta. Anna Sigríður Valdimarsdóttir fulltrúi G- lista í sveitarstjórn og Ingvar Hjálmarsson fulltrúi A- lista í sveitarstjórn lögðu fram svohljóðandi tillögu frá minnihluta: Í ljósi þess hvernig atkvæði féllu í sveitarstjórnarkosningum 26. maí síðastliðinn og listum fjölgar í sveitarstjórn á ný, leggur minnihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, til að fjölgað verði úr þremur fulltrúum í fimm í eftirtöldum nefndum sveitarfélagsins; Atvinnu- og samgöngunefnd, Umhverfisnefnd og Menningar- og æskulýðsnefnd.

**Greinargerð:** Fjöldi nefndarmanna var breytt í byrjun síðasta kjörtímabils úr fimm í þrjá, þegar listarnir í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps urðu tveir eftir að hafa verið þrír frá 2006. Nú eru listarnir orðnir þrír á ný og er minnihluti sveitarstjórnar með 54% atkvæða samanlagt miðað við 46% meirihlutans. Listarnir eru með ólíkar áherslur um mörg mál og væri kjósendum þeirra sýnd réttmæt virðing fái listarnir fulltrúa í hverri nefnd en þurfi ekki að skipta nefndum á milli sín. Með því að fjölga í nefndum er þannig stuðlað að því að engin sjónarmið séu útilokuð frá umræðunni. Jafnframt megi auka líkur á faglegri vinnu og auknum afköstum sé fleiru nefndarfólki til að skipta og fjölbreyttari raddir við borðið.

Að framangreindu telur minnihlutinn eðlilegt að hverfa aftur til sama fjölda nefndarmanna og var fyrir síðasta kjörtímabil, 2014-2018.

Anna Sigríður vakti máls á þeim möguleika að meirihluti gæfi eftir einn

fulltrúa í hverri nefnd og hver listi hefði einn fulltrúa í nefndunum. Tillagan borin upp til atkvæða. Tillagan felld. Anna Sigríður og Ingvar samþykktu. Björgvin Skafti, Matthías og Anna Ásmundsdóttir voru mótfallin tillögunni. Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Ingvar Hjálmarsson lögðu fram efirfarandi bókun: Líkt og fram kemur í tillögu og greinargerð minnihlutans þá teljum við eðlilegt að hverfa aftur til sama fjölda nefndarmanna og var fyrir síðasta kjörtímabil. Við hörmum þá ákvörðun meirihlutans að hafna tillögu minnihlutans.

3. Skipan í nefndir á vegum sveitarfélagsins. Samkv. fundarsköpum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Framhald frá fundi nr.1.

**Atvinnu- og samgöngunefnd:** Þrír fulltrúar og þrír til vara. Haraldur Þór Jónsson og Anna Kr. Ásmundsdóttir frá O-lista. Hannes Ólafur Gestsson frá A- lista. Til vara Ólafur Freyr Ólafsson og Björgvin Harðarson frá O-lista og Elwira Kacprzycka frá G-lista. Minnihluta boðin formennska af meirihluta, en því var hafnað.

**Skólanefnd Flúðaskóla:** Einn varafulltrúi. Elvar Már Svansson frá G- lista. Aðrir fulltrúar skipaðir á fundi nr.1.

Þrír fulltrúar og þrír til vara. Helga Kolbeinsdóttir formaður og Helga Guðlaugsdóttir báðar frá O-lista. Árdís Jónsdóttir frá G-lista. Til vara Haraldur Þór Jónsson og Bergljót Þorsteinsdóttir frá O- lista og Páll Ingi Árnason frá A-lista.

**Menningar- og æskulýðisnefnd:** þrír fulltrúar og þrír til vara. Frá O-lista Anna Kr. Ásmundsdóttir formaður og Ástráður Unnar Sigurðsson. Frá A-lista Hrönn Jónsdóttir. Til vara Lára Bergljót Jónsdóttir og Haraldur Guðmundsson frá O-lista og Elvar Már Svansson frá G-lista.

**Skólanefnd:** Einn varafulltrúi. Anna María Gunnþórsdóttir frá G-lista fyrir Önnu Maríu Flygenring. Aðrir fulltrúar skipaðir á fundi nr. 1.

**Umhverfisnefnd:** Þrír fulltrúar og þrír til vara. Frá O-lista : Jónas Yngvi Ásgrímsson formaður og Matthías Bjarnason. Frá G- lista : Anna Sigríður Valdimarsdóttir. Til vara Oddur G Bjarnason og Haraldur Guðmundsson frá O-lista og Hrönn Jónsdóttir frá A-lista.

**Velferðar- og jafnréttisnefnd:** Þrír fulltrúar og þrír til vara. Frá O-lista: Jóhanna Valgeirsdóttir formaður og Ásmundur Lárusson. Frá G-lista: Edda Pálsdóttir. Til vara frá O-lista: Anna Kr Ásmundsdóttir og Matthías Bjarnason. Frá A-lista: Gunnar Örn Marteinson.

**Afréttarmálafélag Flóa – og Skeiða.** Tveir fulltrúar og tveir til vara. Aðalsteinn Guðmundsson og Jón Vilmundarson aðalmenn. Til vara Ingvar Hjálmarsson og Hafliði Sveinsson.

**Skóla – og velferðarnefnd Árnesþings.** Aðalfulltrúi: Ásmundur Lárusson. Til vara Jóhanna Valgeirsdóttir bæði fulltrúar O-lista.

**Fulltrúi NOS:** - Nefndar Oddvita – og sveitarstjóra í Árnesþingi. Björgvin Skafti Bjarnason, til vara Kristófer Tómasson.

Auk þess skipað í stjórn Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Samkvæmt 16. grein samþykkt félagsins skal sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps á hverjum tíma skipa stjórn þess. Samþykkt að stjórnina skipi Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson, Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Matthías Bjarnason.

Samþykkt að halda aukaaðalfund í Fjarskiptafélaginu í ágúst þar sem stjórn verði formlega skipuð.

Sveitarstjórn fer með málefni umferðarnefndar, veitustjórnar, bókasafns-nefndar og húsnæðisnefndar samkv. 40.gr. samþykkt Skeiða- og Gnúpverjahrepps um fundarsköp frá 2013.

4. Þóknun fyrir setu í nefndum á vegum sveitarfélagsins.

Tillaga að nefndarlaunum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2018 til 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun nefndarmanna sveitarfélagsins verði óbreytt kjörtímabilið 2018 – 2022, frá nýliðnu kjörtímabili.

Almennar nefndir fyrir utan skólanefnd fá kr. 10.000,- fyrir hvern fund en formaður 15.000. Almennir skólanefndarmenn fá kr. 15.000,- fyrir hvern fund en formaður 30.000,- Ekki er greitt sérstaklega fyrir akstur.

Kjörstjórn fær 10.000,- fyrir hvern fund en formaður 15.000,-

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga verður metinn sem sex fundir en aðrir kjörfundir svo sem Alþingiskosningar sem fimm fundir. Greitt verði sérstaklega fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók. Vegna umfangs skólanefndar eru greidd hærri laun í þeirri nefnd en gerist í öðrum nefndum.

5. Kaup á fartölvum fyrir sveitarstjórnarfulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að nýkjörnir fulltrúar í sveitarstjórn fái til afnota nýjar fartölvur. Þeir fulltrúar sem sátu í sveitarstjórn á síðasta kjörtímabili hafa áfram afnot af þeim tölvum þeim voru lagðar til við upphaf síðasta kjörtímabils. Tölvurnar verða eign sveitarstjórnarfulltrúanna að kjörtímabilinu loknu. Kostnaður við tölvukaupin, allt að 460.000 kr rúmast innan fjárhagsáætlunar.

6. Starfssamningar oddvita og sveitarstjóra. Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum dagskrárlið. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að framlengja umboð sveitarstjóra sem hann hefur haft samkvæmt ráðningarsamningi og öðrum gildum ákvörðunum til 15. ágúst 2018. Samþykkt með fjórum atkvæðum.

Anna Sigríður gerði fyrirvara við samþykkt ofangreindrar bókunar og lagði fram svohljóðandi bókun:

G-listi Grósku hafði í stefnu sinni að staða sveitarstjóra yrði auglýst og faglegt ráðningarferli færi fram, og því hefði ég talið æskilegt að samhliða því að samþykkja framlengingu á starfstíma sveitarstjóra til 15. ágúst hefði jafnframt verið samþykkt að auglýsa stöðu sveitarstjóra. Hins vegar tel ég eðlilegt að nýta starfskrafta sveitarstjóra í þann tíma sem samningsákvæði kveða á um.

7. Erindi frá Kvenfélagi Gnúpverja.

Lagt fram erindi frá Kvenfélagi Gnúpverja. Dagss. 27.06.2018. Undirritað af stjórn félagsins. Í erindinu er starf og umfang Kvenfélags Gnúpverja kynnt. Þar er bent á að styrkur til félagsins í formi húsaleigu frá sveitarfélaginu hefur verið óbreyttur eða 80.000 kr til fjölda ára. Stjórnin óskar eftir að það verði endurskoðað. Einnig er óskað eftir að félagið fái allt að 10 fundi á ári í flísal eða mótuneytissal á verulega lækkaðri húsaleigu, auk þess er það ósk stjórnarinnar að hreppurinn sjái sér fært að styrkja samkomur eins og jólatréskemmtun og páskabingó í formi húsaleigu. Bent er á að þessar samkomur eru fyrir börnin en ekki haldnar til að afla tekna.

Sveitarstjórn þakkar Kvenfélagi Gnúpverja framlagt erindi og gott starf í þágu samfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að taka stuðning við Kvenfélagið til gagnarráðgjafar endurskoðunar. Sveitarstjóra falið að endurmeta stuðning við hin ýmsu félög í sveitarfélaginu og leggja fram tillögur þar um á næsta fundi sveitarstjórnar.

8. Skjalavistunarkerfi. Kynning á kerfi. Lögð fram kynning á skjalavistunarkerfi frá GoPro. Auk þess tilboð til sveitarfélagsins um afnot af kerfinu. Samþykkt að fresta afgreiðslu til næsta fundar. Sveitarstjóra falið að leita tilboða í sambærileg kerfi frá öðrum þjónusutuaðilum.

**Fundargerðir:**

9. Fundargerð 158. fundar Skipulagsnefndar. 14.06.18. Mál nr. 24 og 25. þarfnast afgreiðslu.

24. mál. Löngudælaholt lóð 21.(L166670) Tilkynning um tilkynningaskylda framkvæmd. Aðstöðuhús 1805072 38,5 m<sup>2</sup>

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að umrætt aðstöðuhús verði byggt í samræmi við umsókn og vísar málinu til afgreiðslu byggingafulltrúa. Fyrirvari gerður um niðurstöðu grenndarkynningar frá lóðarhöfum nr.19 og nr. 22. skv. 44.gr. skipulagslag nr. 123/2010.

25. mál. Kálfhóll 2 lnr 166477: Kálfhóll 2A og Kálfhóll 2 Árfarvegur: Stofnun lóða- 172019.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti afmörkun og stærð jarðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við skiptingu jarðarinnar, né landskiptin skv. 13.gr. jarðarlaga.

- 10.Fundargerð 159. fundar Skipulagsnefndar. 28.06.10. Mál nr. 24,25,26,27, og 28. þarfnast afgreiðslu.

24. mál. Skriðufell L166688: Leigulóð: Staðfest afmörkun lóðar- 1806052  
Umsókn um staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Skriðufell L166688 stærð 5.000 m<sup>2</sup>. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti afmörkun lóðarinnar og landskiptin skv. 13.gr.jarðarlaga.

25. mál Álfsstaðir II L215788: Nýbyggingar: Deiliskipulag- 1806055. Umsókn um nýtt deiliskipulag í landi Álfsstaða II landnr. 215788. Deiliskipulag tekur til 98.500 m<sup>2</sup>. lóðar með tveimur byggingareitum samtals allt að 500 m<sup>2</sup>. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndarinnar og samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 1.mg. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

26. mál. Reykholt í Þjórsárdal : Svæði umhverfis Þjórsárdalslaug: Deiliskipulag -1712021. Tillaga og greinargerð að deiliskipulagi og aðalskipulagsbreytingu fyrir Reykholt í Þjórsárdal þar sem áform eru um að byggja um hótél og baðstað. Auglýsingar skipulagstillagnanna hafa farið fram og umsagnir viðeigandi stofnana liggja fyrir. Ein athugasemd barst. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar. Anna Sigríður Valdimarsdóttir sat hjá.

27. mál. Skarð 2. L166595: Stofnun frístundalóðar: Deiliskipulag – 1805048. Uppfærð tillaga að deiliskipulagi fyrir nýja 7.020 m<sup>2</sup>. Frístundalóð úr landi Skarðs 2. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti að lóðin fái heitið Hrafnaklettur.

28. mál. Reykholt í Þjórsárdal: Verslunar – og þjónustusvæði: Aðalskipulagsbreyting-1709046. Lagfærð tillaga og greinargerð að aðalskipulagsbreytingu fyrir Reykholt í Þjórsárdal þar sem fyrirhugað er að byggja upp hótél og baðstað. Auglýsingar skipulagstillagnanna hafa farið fram og umsagnir viðeigandi stofnana liggja fyrir. Ein athugasemd barst. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar. Anna Sigríður Valdimarsdóttir sat hjá.

11.Mál frá 157. fundi Skipulagsnefndar. Mál fellt niður.

12.Fundargerð 53. fundar stjórnar bs. UTU 21.06.18. Fundargerð lögð fram og staðfest.

13.Fundargerð 54. fundar stjórnar bs. UTU 28.06.18. Fundargerð lögð fram og staðfest.

14.Fundargerð 36. fundar menningar- og æskulýsðnefndar. Fundargerð lögð fram og staðfest.

15. Fundargerð 37. fundar menningar- og æskulýsðnefndar. Fundargerð lögð fram og staðfest.

16.Fundargerð 38. fundar menningar- og æskulýsðnefndar. Fundargerð lögð fram og staðfest. Sveitarstjórn lýsir sérstakri ánægju með störf Menningar- og æskulýsðnefndar við framkvæmd Uppsprettunnar.

17.Fundargerð stjórnar Bergrisans bs. Fundargerð lögð fram og staðfest.

18.Fundur um sameiningarhugmyndir ungmennafélaga. Fundargerð lögð fram og staðfest.

19.Fundargerð 12. fundar Héraðsnefndar Árnesinga 30.04.18. Fundargerð lögð fram og staðfest.

**Annað:**

20. Skipulagsmál hjólhýsabyggðar í landi Skriðufells. Lagt fram
21. Samingur um Hagabeit- Traðarland. Þarfnast staðfestingar. Samningi frestað vegna misræmis. Sveitarstjórn leggur áherslu á að beitarþol landsins verði kannað.
22. **Önnur mál.** Ekki voru lögð fram önnur mál.

**Mál til kynningar :**

- A. Styrkveiting Vegagerðar úr styrkvegasjóði.
- B. Fundargerð aðalfundar Háskólafélags Suðurlands.
- C. Ársreikningur Hitaveitu Gnúpverja.
- D. Breytingar á ákvæðum Notendaráðs.
- E. Húsatóftir beiðni um umsögn- afgreiðsla UTU.
- F. Afgreiðslur Byggingafultrúa 18-81.
- G. Afgreiðslur Byggingafultrúa 18-80.
- H. Könnun meðal leiðbeinenda í leikskólum.
- I. Fundargerð 188. fundar Heilbrigðisnefndar.
- J. Fundargerð 533. fundar stjórnar SASS.

Fundi slitið kl. 14.10. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn miðvikudaginn 8. ágúst næstkomandi kl. 9.00.

## Fréttabréfið – nýtt fyrirkomulag!

Frá og með september næstkomandi mun vinnsla og uppsetning fréttabréfs Skeiða- og Gnúpverjahrepps fara fram utan skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri verður hér eftir sem hingað til ábyrgðarmaður fréttabréfsins. Frestur til að skila inn efni verður til 5. hvers mánaðar eins og verið hefur. Efni skal senda á netfangið [frettbref@skeidgnup.is](mailto:frettbref@skeidgnup.is)

Nánar verður fjallað um útgáfufyrirkomulagið í næsta fréttabréfi.

Oddviti.

verður Þriðjudaginn 21. ágúst kl 14:00.

Hlakka til að sjá ykkur öll!

Bolette, skólastjóri.

**Fjárréttir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2018**



**Skaftholtsréttir, föstudaginn 14. september.**

Fé rekið inn kl. 11:00.

**Reykjaréttir, laugardaginn 15. september.**

Fé rekið inn kl. 09:00.

**Ökumenn eru beðnir að sýna þolinmæði því óhjákvæmilegar tafir verða vegna fjárrekstra á þjóðvegi 32 - Þjórsárdalsvegi og þjóðvegi 30 - Skeiðavegi**

**13. september:** tafir verða á Þjórsárdalsvegi, nr. 32 frá kl. ca 11:00 frá Búrfelli að Fossnesi til um kl. 21 (hægt er að aka hluta leiðar, á vissum tímum, á meðan féð er hvílt í Ásólsfstaðanesi, við Bringu og Haga. ) Fylgist vel með.

**14. september:** tafir á vegi nr. 32 - Þjórsárdalsvegi frá kl. 08:00 — kl.13:00 frá Fossnesi að Skaftholtsréttum (hjáleið fær um gamla þjóðveg upp Löngudælaholt) Þann sama dag , **14. sept.** verður vegur síðan lokaður frá kl. 16:00 - ca 18:00 frá Árnesi að Reykjaréttum. (Hjáleið fær um Landsveit.)

**15. september:** lítilsháttar tafir geta orðið frá kl. 13:00 á vegi nr. 30—Skeiðavegi, frá Reykjaréttum niður í Flóa eitthvað fram eftir degi!

Fylgist með á [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is) og [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is) með nánari upplýsingar þegar nær dregur. Sveitarstjóri.



Nú er opnu gæðingamóti Landstólpa, Smára, Loga og Trausta lokið.

Mótið fór vel fram og margir góðir gæðingar fóru um völlinn undir styrkri stjórn góðra knapa.

**Landstólpi** var styrktaraðili gæðingamótsins og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir frábæran styrk og stuðning. Einnig viljum við þakka hollvinum reiðhallarinnar sérstaklega fyrir veitta aðstoð, einnig dómurum, starfsfólki og knöpum fyrir þeirra framlag. Það eru nokkur sér-verðlaun sem hefð er fyrir að veita á gæðingamótum félaganna og verða þau talin upp hér að neðan:

### **Smári:**

Efsti hestur í eigu Smára-félaga í A-flokk var Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk og hlaut hann Hreppasvipuna.

Efsti hestur í eigu Smára-félaga í B-flokk var Snillingur frá Sólheimum og hlaut hann farandbikar.

Efsti knapi í unglingaflokk var Aron Ernir Gunnarsson.

Ásetuverðlaun sem veitt eru keppendum í barna- og unglingaflokk hlaut unglingurinn Þorvaldur Logi Einarsson þau.

### **Logi:**

Glæsilegasti hestur mótsins í eigu Loga-félaga var Narfi frá Áskoti

Knapi mótsins í Loga var Sólon Morthens.

Efsti hestur í eigu Loga-félaga í A flokk var Elja frá Sauðholti 2 og hlaut hún A flokks styttna.

Efsti hestur í eigu Loga-félaga í B flokk var Fjalar frá Efri-Brú og hlaut hann B flokks styttna.

Skeiðstyttna í 100 m fljúgandi skeiði fékk Tinna Svört frá Glæsibæ og Finnur Jóhannesson.

Efsti knapi og ásetuverðlaun Loga-félaga í unglingafl var Rósa Kristín Jóhannesdóttir.

### **Trausti:**

Knapi mótsins í Trausta var Matthías Leó Matthíasson.

Úrslit (5 efstu í hverjum flokki).

### **A úrslit Gæðingaflokkur 1 A flokkur**

Sæti Hross Knapi Litur Aðildarfélag eiganda Einkunn

1-2 Katalína frá Hafnarfirði Sólon Morthens Rauður/milli-einlitt Sörli 8,67

1-2 Goði frá Bjarnarhöfn Hans Þór Hilmarsson Jarpur/dökk-einlitt Smári 8,67

3 Kolskeggur frá Kjarnholtum I Ólafur Ásgeirsson Brúnn/dökk/sv.einlitt Sprettur 8,60

4 Elja frá Sauðholti 2 Jóhann Kristinn Ragnarsson Bleikur/fífil-einlitt Logi 8,50

5 Narfi frá Áskoti Þorbjörn Hreinn Matthíasson Brúnn/milli-einlitt Logi 8,49

5 Þórey Pula Helgadóttir Gjálp frá Hvammi I Brúnn/milli-einlitt Smári 8,30

### **A úrslit. Gæðingaflokkur 1 B flokkur**

#### **Sæti - Hross -Knapi -Litur -Aðildarfélag eiganda - Einkunn**

- 1 Sæþór frá Stafholti Snorri Dal Brúnn/milli-skjótt Sörli 8,79
- 2 Kvika frá Leirubakka Friða Hansen Rauður/milli-stjörnótt Geysir 8,62
- 3 Dimmir frá Hellulandi Anna Björk Ólafsdóttir Brúnn/dökk/sv.einlitt Sörli 8,50
- 4 Sproti frá Ytri-Skógum Nína María Hauksdóttir Brúnn/milli-einlitt Sprettur 8,44
- 5-6 Snillingur frá Sólheimum Hallgrímur Birkisson Rauður/milli-skjóttþringeygt eða glaseygt Smári 8,42
- 5-6 Tenór frá Litlu-Sandvík Hlynur Pálsson Rauður/milli-stjörnótt Smári 8,42

### **A úrslit Gæðingaflokkur 1 Barnaflokkur**

#### **Sæti - Knapi - Hross - Litur - Aðildarfélag - Einkunn**

- 1 Guðný Dís Jónsdóttir Ás frá Hofsstöðum, Garðabæ Rauður/dökk/dr.stjörnótt Sprettur 8,62
- 2 Elva Rún Jónsdóttir Kraka frá Hofsstöðum, Garðabæ Brúnn/milli-einlitt Sprettur 8,55
- 3 Sara Dís Snorradóttir Gustur frá Stykkishólmi Brúnn/milli-einlitt Sörli 8,53
- 4 Eik Elvarsdóttir Þökk frá Velli II Jarpur/dökk-einlitt Geysir 8,53
- 5 Oddur Carl Arason Hrafnagaldur frá Hvítárholti Brúnn/milli-einlitt Hörður 8,52

### **A úrslit Gæðingaflokkur 1 Unglingaflokkur**

#### **Sæti- Knapi - Hross - Litur - Aðildarfélag knapa—Einkunn**

- 1 Katla Sif Snorradóttir Ölur frá Akranesi Brúnn/milli-stjörnótt Sörli 8,41
- 2 Bergey Gunnarsdóttir Flikka frá Brú Brúnn/gló-einlitt Máni 8,35
- 3 Aron Ernir Ragnarsson Váli frá Efra-Langholti Jarpur/rauð-einlitt Smári 8,33
- 4 Þorvaldur Logi Einarsson Hátíð frá Hlemmiskeiði 3 Moldóttur/d./draugstjörnótt Smári 8,31

### **A úrslit Gæðingaflokkur 1 Ungmennaflokkur**

#### **Sæti Knapi Hross Litur Aðildarfélag knapa Einkunn**

- 1 Ylfa Guðrún Svafarsdóttir Töffari frá Hlíð Brúnn/dökk/sv.einlitt Fákur 8,63
- 2 Kristín Hermannsdóttir Þokkadís frá Rútsstaða-Norðurkoti Brúnn/milli-einlitt Sprettur 8,45
- 3 Eyjalín Harpa Eyjólfsdóttir Prins frá Syðri-Hofdölum Brúnn/milli-einlitt Geysir 8,39
- 4-5 Dagbjört Skúladóttir Elding frá V-Stokkseyrarseli Rauður/milli-stjörnótt Sleipnir 8,35
- 4-5 Hildur Árdís Eyjólfsdóttir Trú frá Ási Jarpur/rauð-einlitt Hornfirðingur 8,35

### **A úrslit Tölt T3**

#### **Sæti Knapi Hross Litur Aðildarfélag knapa Einkunn**

- 1-2 Sigurður Sigurðarson Ferill frá Búðarhóli Bleikur/álótturstjörnótt Geysir 7,50
- 1-2 Matthías Leó Matthíasson Taktur frá Vakurstöðum Brúnn/mó-einlitt Trausti 7,50
- 3 Friða Hansen Kvika frá Leirubakka Rauður/milli-stjörnótt Geysir 7,11
- 4 Lára Jóhannsdóttir Gormur frá Herriðarhóli Brúnn/mó-einlitt Fákur 7,00
- 5 Róbert Bergmann Freyja frá Bakkakoti Brúnn/milli-einlitt Geysir 6,78

## A úrslit Unglingaflokkur

Sæti - Knapi -Hross - Litur -Aðildarfélag knapa - Einkunn

1-2 Bergey Gunnarsdóttir Flikka frá Brú Brúnn/gló-einlitt Máni 6,00

1-2 Þorvaldur Logi Einarsson Stjarni frá Dalbæ II Rauður/dökk/dr.tvístjörnótt Smári 6,00

3 Eydis Ósk Sævarsdóttir Selja frá Vorsabæ Brúnn/milli-stjörnótt Fákur 5,56

4 Þórey Pula Helgadóttir Gjálp frá Hvammi I Brúnn/milli-einlitt Smári 5,50

5 Kári Kristinsson Stormur frá Hraunholti Brúnn/milli-einlitt Sleipnir 5,44



Kær kveðja.

Hestamannafélögin.

## Flokkunarhandbókin 2018

Breytingin á flokkun í **grænu tunnuna** felur í sér að hætta að setja málma og fernur/sléttan pappa í plastpoka. Þetta einfaldar flokkunina og gerir hana þægilegri fyrir notendur Grænu tunnunnar og umhverfisvænni um leið. - Við flokkum aldrei of vel. ☺

**3. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi fimmtudaginn 8. ágúst 2018 kl. 09:00.**

**Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson, Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Anna Kristjana Ásmundsdóttir er sat fundinn í forföllum Einars Bjarnasonar og Ástráður Unnar Sigurðsson er sat fundinn í forföllum Matthíasar Bjarnasonar. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að einu máli yrði bætt á dagskrá, skipun fulltrúa í Almannaþingarnefnd Árnessýslu. Var það samþykkt.**

***Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :***

1. Fjárhagsmál. Rekstraryfirlit sjóðstreymisáætlun. Sveitarstjóri lagði fram og kynnti gróft yfirlit yfir rekstur sveitarsjóðs fyrstu sex mánuði ársins. Yfirlitið fól í sér kostnað við rekstur málaflokka. Auk þess lagði sveitarstjóri fram og kynnti sjóðstreymisáætlun fyrir tímabilið frá ágúst til ársloka 2018. Unnið verður ítarlegt uppgjör fyrir fyrri helming ársins og er stefnt að því að það verði tilbúið í byrjun september.
2. Tilboð í skjalavistunarkerfi. Lögð voru fram gögn frá GoPro og One System. Skjalavistunarkerfin voru borin saman með tilliti til eiginleika og kostnaðar. Samþykkt samhljóða að kaupa aðgang að GoPro skjalavistunarkerfi. Sveitarstjóri falið að ganga frá samningi við GoPro og undirrita fyrir hönd sveitarfélagsins. Kostnaður vegna kerfisins rúmast innan fjárhagsáætlunar. Bókast undir sameiginlegan kostnað. Lykill 3393.
3. Aðalskipulag. Gögn lögð fram og kynnt. Oddviti fór yfir helstu atriði í ferli aðalskipulags. Akveðið að halda vinnufund með aðalskipulagsráðgjafa fyrir lok ágúst.
4. Samningur um starf oddvita 2018-2019. Lögð voru fram drög að starfssamningi við Björgvin Skafta Bjarnason kt 230860-4839, um starf oddvita. Björgvin Skafti vék af fundi undir þessum lið. Oddviti fól Önnu Kr. Ásmundsdóttur að stýra fundi undir þessum lið. Samningur samþykktur með þremur atkvæðum. Anna Ásmundsdóttir, Ástráður Sigurðsson og Ingvar Hjálmarsson greiddu atkvæði með samningnum. Anna Sigríður Valdimarsdóttir greiddi atkvæði gegn samningnum.
5. Samningur um starf sveitarstjóra 2018-2022. Oddviti lagði fram drög að samningi milli sveitarfélagsins og Kristófers Tómassonar kt. 060865-5909 um starf sveitarstjóra kjörtímabilið 2018-2022. Kristófer vék af fundi undir þessum lið. Samningur samþykktur með fjórum atkvæðum. Björgvin Skafti Bjarnason, Anna Ásmundsdóttir, Ástráður Sigurðsson, Ingvar Hjálmarsson greiddu atkvæði með samningnum. Anna Sigríður Valdimarsdóttir greiddi atkvæði gegn samningnum.
6. Leigusamningur við sveitarstjóra um Heiðargerði 7. Oddviti lagði fram drög að leigusamningi um húseignina Heiðargerði 7. Samningsaðilar eru sveitarfélagið sem húseigandi og Kristófer Tómasson kt 060865-5909 sem leigjandi. Kristófer vék af fundi undir þessum lið. Samningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
7. Skipan fulltrúa í nefnd um samstarf uppsveita í íþróttamálum. Um er að ræða samstarfsnefnd milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps og

Bláskógabyggðar um íþróttamál. Oddviti lagði til fram tillögu um skipun Matthíasar Bjarnasonar í nefndina. Björgvin Skafti, Anna Ásmundsdóttir og Ástráður samþykktu skipun Matthíasar. Ingvar sat hjá og Anna Sigríður greiddi atkvæði gegn skipun Matthíasar.

8. Fundargerð aukaðalfundar Bergrisans BS 18.06.2018. Lögð fram fundargerð aukaðalfundar Bergrisans frá 18. júní sl. Oddviti fór yfir fundargerðina. Undir 6. lið fundarins var fjallað um byggingu sjö íbúða þjónustukjarna fyrir fatlað fólk. Verði kjarninn byggður á Selfossi. Fyrir liggur samþykki Íbúðalánasjóðs um stofnframlag til framkvæmdarinnar. Auk þess var undir 8. lið fjallað um tillögu um kaup á íbúðarhúsi á Selfossi undir úrræði fyrir börn með fjölpættan vanda. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti með fjórum atkvæðum að ráðist verði í bæði verkefnin. Björgvin Skafti, Anna Ásmundsdóttir, Ástráður og Ingvar samþykktu. Anna Sigríður sat hjá. Áður hafði mál, 6. liðar verið samþykkt í tölvupósti af Björgvin Skafta, Ingvari, Matthíasi og Einari.
9. Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga 16.07.2018. Fundargerð lögð fram og staðfest.
10. Fundargerðir verkfunda vegna gatnagerðar og lagna. Lagðar fram og kynntar fundargerðir verkfunda 26.06 og 17.07 2018 vegna verkefnisins „Árnes og Brautarholt gatnagerð og lagnir 2017.“ Sveitarstjóri greindi frá gangi verkefnisins. Að hans sögn er verkefnið nálægt áætlun.

### ***Umsagnir:***

11. Borholureglur. Lögð voru fram drög að reglum um skráningu, hönnun og frágang borholna og um skil á upplýsingum um borholur til Orkustofnunar. Markmið reglnanna er að skilgreina aðferðir og skyldur við hönnun borun og frágang á borholum og fylgja eftir tilkynningaskyldu. Reglur lagðar fram og kynntar. Sveitarstjórn að reglurnar verði lagðar aftur fram að nýju til umsagnar á næsta fundi sveitarstjórnar. Tilefni sé til frekari kynningar á reglunum.
12. Landsnet umsögn um kerfisáætlun. Umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga undirrituð af Guðjóni Bragasyoni og frá Sambandi Sunnlenskra sveitarfélaga undirrituð af Bjarna Guðmundssyni við tillögum Landsnets að kerfisáætlun 2018-2027. Umsagnir lagðar fram og kynntar. Sveitarstjórn samþykkir að taka umsagnirnar til nánari umræðna á næsta fundi sveitarstjórnar.
13. Kjör fulltrúa í almannavarnarnefnd Árnessýslu. Samþykkt að skipa Kristófer Tómasson sem aðalmann fyrir hönd sveitarfélagsins og Björgvin Skafta Bjarnason til vara.
14. Önnur mál.
  - I. Rætt var um ágengar framandi gróðurtegundir. Sveitarstjórn samþykkir að kanna leiðir til að hefta útbreiðslu gróðurs af því tagi og felur umhverfisnefnd að gera tillögur þar um.
  - II. Sveitarstjórnarfulltrúar ræddu um áhyggjur sínar af heilbrigðisþjónustu í héraðinu.

### **Mál til kynningar**

- A. *Sorpstöð Suðurlands 266. fundur stjórnar. 26.06.18.*
- B. *Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 2018.*
- C. *Útlánsvextir Lánasjóðs sveitarfélaga.01.08.2018.*
- D. *Sorpa fundargerð 392. fundar stjórnar.*
- E. *Fundargerð vorfundar Héraðsnefndar Árnesinga 2018.*
- F. *Fundur um þjóðgarð á hálendinu. 27.08.2018. Fundarboð.*
- G. *Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 861. fundar.*

Fundi slitið kl.11:15. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 22. ágúst næstkomandi. Kl. 9.00.

## **Hreinsun rotþróa 2018 - svæði 1**

Fyrirhugað er að hreinsa rotþrær síðustu vikuna nú í ágúst á svæði 1 sem telur allar þrær á Skeiðum, á Sandlækjarbæjum, Gunnbjarnarholti og Skarði í Gnúpverjahreppi. Nýr bíll hefur verið tekinn í notkun við hreinsunina sem sveitarfélög í Uppsveitum Árnessýslu eiga.

## **Country Taxi**

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810. Kv. Dóri



## ***Kærar þakkir fyrir samskiptin!***

Eins og fram kemur á bls. 19 hér í Fréttabréfinu þá mun þetta vera í síðasta sinn sem ég sé um að koma þessu ágæta riti okkar út á öldur ljósvakans. Á forsiðu þess stendur að þetta sé 15. árgangur og hef ég séð um útgáfuna í 8 og hálft ár, ja hérna hér! (Ég áttaði mig nú bara ekki á því fyrir en núna hvað þetta er orðinn langur tími) og þá er mál að linni! Ég þakka ykkur innilega, kæru lesendur, fyrir samskiptin, öll árin, sem aldrei hefur borið skugga á að mínu mati og vona að Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps eigi sér glæsta framtíð í nýjum höndum og eignist enn fleiri lesendur en upplagið hefur aukist um ca 10% frá 2010.

Bestu kveðjur og þökk til ykkar allra!  
Kristjana. (Kidda)





# Menn og málefni!

Kristinn Högnason frá Laxárdal 1b útskrifaðist sem búfræðingur 1. júní síðastliðinn frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.



Við óskum honum innilega til hamingju með áfangann!



## Til leigu lítið sumarhús!

Sæluvellir, fyrir ofan Flatir í Gnúpverjahreppi.  
Gistipláss fyrir 2-4.  
Allur nauðsynlegur húsbúnaður er til staðar.  
T.d tilvalið fyrir réttardaginn!  
Áhugasamir hafið samband og fáið nánari upplýsingar hjá Hákonni Páli.

Sími 894 4142, eða sendið fyrirspurn á [hakon.pall@simnet.is](mailto:hakon.pall@simnet.is)



## Ljósritunarvél/prentari til sölu!

Tegund: **Canon iR 3035N frá Nýherja**. Lazer svart/hvítur, prentari ljósritunarvél og skanni sem prentar á báðar síður blaðs, bæði A4 og A3 stærðir ásamt ýmis konar umslaga stærðum.

Frekari upplýsingar í síma 486-6051 eða á [bolette@thjorsarskoli.is](mailto:bolette@thjorsarskoli.is)

**Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja**

**Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!**



# 802

# Á bak við eldavélina!

Það er hún Helga Þórisdóttur bóndi með meiru í Skeiðhólmi sem deilir með okkur skemmtilegum og góðum uppskriftum.



Ég þakka Habbý áskorunina og hér kemur uppskrift af djúpsteiktum gellum.

Djúpsteiktargellur fyrir 3-4

## Deig:

250 gr hveiti

3 dl pilsner

hrefafylli steinselja, söxuð

2 tsk. lyftiduft

2 tsk sjáfarsalt

2 tsk pipar

1 kg gellur

olía til djúpsteikingar

Blandið öllu saman og

búið til þykkt deig, það á að vera eins

þykkt og vöfludeig. Setjið gellurnar út í og hjúpið þær vel.

Hitið olíuna í þykkbotna potti eða djúpri pönnu og steikið fiskinn

þar til hann verður gullinbrúnn. Berið fram með t.d. sósu, bökuðum kartöflum, sætum eða hvítum, og salati

Tillaga að sósum:

## Hrá tómatsósa:

100 gr sólþurkaðir tómatar ( ekki í olíu),

2,5 dl heitt vatn til að leggja í bleyti.

2 dödlur stórar og steinlausar. Svartur pipar.

2 msk ólífuolía.

1 stór ferskur tómatur eða 5 litlir kokteltómatar.

Leggið sólþurkuðu tómata í bleyti í amk. 20 mín.

Hellið vatninu af og geymið. Setjið allt hráefnið í blandara

auk 2 dl af vatninu af tómötunum. Maukið uns það er kekkjalaust.

Þessi sósa passar nánast með öllum mat og einnig má bæta út í hana uppáhalds kryddjurtum.



## Hrá majónes:

2 dl kasjúhnetur, óristaðar og ósaltaðar

2 msk ferskur sítrónusafi

3 msk ljóst miso-mauk (japanskt hnetumauk).

2 msk eplaedik

1 tsk tamari sósa (japönsk soya sósa)

3 msk ólífu olía

2 msk vatn

1 og 1/2 tsk næringar ger, ( má sleppa) fæst í Heilsuhúsinu.

Leggið kasjúhnetunar í bleyti yfir nótt eða amk 4 tíma hellið

vatninu af og skolið hneturnar. Setjið allt hráefnið í blandara

uns það er kekkjalaust, það getur tekið nokkrar mínútur.

Einfaldara getur þetta varla verið og verði ykkur að góðu.

Ég skora á nágrannakonun mína, Kristínu Skaftadóttur að koma með uppskrift í næsta blað.

Kveðja.

Helga



# Búvís



### RAUCH ÁBURÐARDREIFARAR

MDS dreifari með 800 L stækkun  
allis 1700 L.

Einnig Axis EMC með 1800 L  
stækkun allis 3200 L. Fullkomnasti  
dreifari sem vóll er á.

Vandaðir dreifarar fyrir allar  
bústaðir.



Eigum til áburðardreifara,  
kornvagna og rúlluvagna,  
staðsetta á Langstöðum skammt  
frá Selfossi.



Nánari upplýsingar í síma 465-1332.

**Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti  
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.**

**Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni  
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.**



# VIOLA snyrtistofa - Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra ALESSANDRO naglalökk og gloss

**Meðferðir:** Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokun.



**Tímapantanir í síma:  
856-1599**

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)

Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

# Hliðgrindur - margar lengdir



## Hringgerði



**Stærð: Ø 10m**

10 stk. grindur 3ja metra

1 stk. Hlið  
Tengipinnar

**Verð kr. 311.365 m/vsk**

**Stærð: Ø 12m**

12 stk. grindur 3ja metra

1 stk. Hlið  
Tengipinnar

**Verð kr. 364.031 m/vsk**

## Rutland rafgirðingarefni



Randbeitarvör - Rafgirðingaborði -  
Rafgirðingareipi

## Girðingarefni

- Girðingastaur 50/1500
- Girðingastaur 70/1800
- Girðingastaur 120/2500
- Túngirðingaset 5 strengja
- Túngirðingaset 6 strengja
- Túngirðingaset 7 strengja
- Gaddavir IOWA 250 m
- Gaddavir Motto 250 m
- Virlykkjur



**LANDSTÓLPÍ**



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

landstolpi.is  
landstolpi@landstolpi.is  
Við erum líka á Fésbók

**Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!**  
**Neslaug S: 486-6117      Skeiðalaug S: 486 5500**



## **Neslaug                      2018                      Skeiðalaug**

**Opið 2. júní - 31. ágúst!**

|             |         |
|-------------|---------|
| Mánudaga    | LOKAÐ.  |
| Þriðjudaga  | 14 – 22 |
| Miðvikudaga | 14 – 22 |
| Fimmtudaga  | 14 – 22 |
| Föstudaga   | 14 – 18 |
| Laugardaga  | 10 – 18 |
| Sunnudaga   | 10 – 18 |

**Opið 4. júní—31. ágúst**

|             |          |
|-------------|----------|
| Mánudaga    | 16 – 22. |
| Þriðjudaga  | LOKAÐ.   |
| Miðvikudaga | 16 – 22  |
| Fimmtudaga  | 16 – 22  |
| Föstudaga   | 16 – 22  |
| Laugardaga  | 11 – 18. |
| Sunnudaga   | 11 – 16. |

Vörur tengdar sundi seldar  
í afgreiðslum lauganna.  
**Hætt er að selja ofan í  
hálf tíma fyrir lokun.**  
Aðeins 12 mínútna  
akstur á milli lauga!

Neslaug og Skeiðalaug eru á  
Fylgist með á  ☺

Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112  
Umsjónarmaður sundlauga  
eythorb@gmail.com

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps  
Bókahúsinu, Brautarholti.**

**Opnað aftur eftir sumarfrí 23. ágúst**  
**Opið fimmtudaga 20:00 -22:00      S: 486-5505**

**Netfang: [bokasafn@skeidgnup.is](mailto:bokasafn@skeidgnup.is)  
<http://www.allirlesa.is>  
<http://www.leitir.is>**

